

Vestmannaeyjabær
Ráðhúströð 900 Vestmannaeyjum
Sími 388 7000 Bróðirni 488 2001
postur@vestmannaeyjar.is
www.vestmannaeyjar.is

Vestmannaeyjum 15.05. 2008

Alþingi
Erindi nr. P 135/2879
komudagur 16.5.2008

Samgöngunefnd Alþingis

Vestmannaeyjabær getur ekki stutt fyrirleggjandi frumvarpsdög óbreytt og leggst gegn þeim í núverandi mynd.

Með þeim er boðuð alger umbreyting á þeim fosendum sem hingað til hafa verið kynntar. Bæjarráð Vestmannaeyja hefur hingað til tekið trúanlega þá fyrirætlun stjórnvalda að fela Vestmannaeyjabæ meirihlutastjórn þessara mikilvægu samgöngumannvirkja og trúir því áfram að staðið verði við þau fyrirheit.

Krafa bæjarstjórnar Vestmannaeyja er og hefur verið að frá upphafi að það sé algerlega ljóst að höfnin sé fyrst og síðast reist til að bæta samgöngur við Vestmannaeyjar og lög um stjórnunarlega ábyrgð og rekstrarfyrirkomulag taki mið af því. Ennfremur gerir Vestmannaeyjabær tilkall til þess að á engum tíma verði ákvarðanir teknar um þróun hafnarinnar eða þjónustu í tengslum við hana án samþykkis bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja sér sig einnig knúna til að minna á að Eyjamenn hafa í 100 ár verið að þróa sína hafnaraðstöðu með mismikilli aðkomu ríkisins. Það skerðir því alla samkeppnisstöðu hafnarsjóða sveitarfélaga ef ríkið hyggst nú alfarið kosta hafnaruppbyggingu rétt við hafnargarða Vestmannaeyjahafnar án þess að stjórnunarleg ábyrgð verði að minnsta kosti að hluta til hjá Eyjamönnum, sem verða án efa fjölmennastir þeirra sem munu nýta þjónustu ferju þeirrar sem þangað siglir.

Bæjarstjórn telur það því æskilegt rekstrarfyrirkomulag að Vestmannaeyjahöfn, sem er eini hafnarsjóðurinn á þjónustusvæði hafnarinnar, verði frá upphafi falin rekstur Landeyjahafnar og nauðsynlegra mannvirkja á hafnarsvæðinu.

Því miður ríkir nú óvissa um marga þætti þessarar mikilvægu framkvæmdar sem sannarlega hefur alla burði til að efla byggð í Vestmannaeyjum ef áfram verður haft gott samstarf við heimamenn um hana. Þessi óvissa hefur vakið upp sterk viðbrögð í bæjarfélaginu svo vægt sé til orða tekið.

2. Spurningar til samgöngunefndar

Í kjölfarið á framangreindu beinir Vestmannaeyjabær eftirfarandi spurningum til samgöngunefndar:

1. *Verður heimilt að nota Landeyjahöfn undir annað en ferjuna sem heldur uppi áætlunarsiglingum við Vestmannaeyjar og sem neyðarhöfn? Hér er spurt um hvort hafnarlög (almenn eða sértæk fyrir þessa höfn) haldi slíkum möguleika opnum?*
2. *Koma önnur lög, íslensk eða erlend, í veg fyrir samkeppnisrekstur hafnarinnar?*

3. Nú eru fordæmi fyrir því að landshafnir séu afhentar sveitarfélögum til eignar líkt og gert var með hafnirnar í Þorlákshöfn, í Njarðvík og á Rífi. Við slíkan gjörning breytist rekstrarfyrirkomulag hafnanna og þær þar með reknar í samkeppni við aðrar hafnir. Hvemig hyggst samgöngunefnd tryggja að Landeyjahöfn verði ekki síðar afhent Rangárþingi Eystra til eignarhalds og/eða reksturs og skekki þar með samkeppnisstöðu Vestmannaeyjahafnar?
4. Deilir samgöngunefnd þeirri skoðun með bæjarstjórn Vestmannaeyja að í lögum um Landeyjahöfn þurfi að koma skýrt fram í hvaða hlutföllum Landeyjahöfn verði afhent sveitarfélögunum til eignarhalds og/eða rekstur ef til þess kemur?
5. Í frumvarpi til laga um Landeyjahöfn stendur: "Siglingastofnun Íslands er heimilt að gera þjónustusamning um rekstur hafnarinnar..." Vestmannaeyjabær hefur ítrekað bent á að á starfssvæði væntanlegrar Landeyjarhafnar sé einungis ein starfandi höfn. Þar er að finna öll tiltæk tæki og þekkingu svo sem dráttarbáta, öflug björgunarskip, hafsögumenn, hafnarverði og fleira. Deilir samgöngunefnd þeirri skoðun með bæjarstjórn Vestmannaeyja að farsælast sé að í lögum um Landeyjahöfn verði gert ráð fyrir að Siglingastofnun verði falið að semja við Vestmannaeyjahöfn um rekstur væntanlegrar Landeyjahafnarhafnar?

Bæjarstjórn Vestmannaeyja væntir þess að svör berist sem fyrst til að hún geti mótað sér formlega afstöðu til frumvarpsins sem snýr að stærsta hagsmunamáli Vestmannaeyja í seinni tíð.

3. Allt Vestmannaeyjabæjar á því sem breyta þarf í fyrirliggjandi drögum

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur ásamt lögmonnum fjallað um fyrirliggjandi frumvarp og getur eins og komið hefur fram ekki stutt það án breytinga. Vestmannaeyjabær leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu (merkt með rauðu og innan horklofa)

Frumvarp til laga um Landeyjahöfn.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að styrkja samgöngur milli lands og Vestmannaeyja með því að setja reglur um uppbyggingu og rekstur ferjuhafnar í Bakkafjöru á Landeyjum, Rangárþingi eystra, sem hefur hlotið heitið Landeyjahöfn.

2. gr.

Fjármögnun og yfirstjórn.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn málefna Landeyjahafnar nema annað sé ákveðið í öðrum lögum og annast Siglingastofnun Íslands þátt ríkisins samkvæmt lögnum nema lög kveði á um annað.

Landeyjahöfn skal byggð og rekin fyrir framlög úr ríkissjóði eins og þau eru ákveðin í samgönguáætlun og fjárlögum hverju sinni.

3. gr.

Eignarhald og rekstur hafnarinnar.

Landeyjahöfn er að fullu í eigu íslenska ríkisins. Siglingastofnun Íslands hefur umsjón með byggingu og rekstri Landeyjahafnar, ber ábyrgð á rekstri hennar og fer með verkefni hafnarstjórnar samkvæmt hafnalögum.

Með rekstri hafnarinnar er átt við forræði yfir höfn og hafnarssvæði, þ.m.t. uppbygging hafnarinnar, viðhald og rekstur. Eignum og tekjum Landeyjahafnarinnar má aðeins verja í viðhald og rekstur [ferju]hafnarinnar [og í samræmi við tilgang hennar]. [Ekki er heimilt að beita eignum hennar eða tekjum í samkeppnisrekstur við aðrar hafnir að öðru leiti en heimilað er með lögum þessum].

Siglingastofnun Íslands er heimilt að gera þjónustusamning um rekstur hafnarinnar og hefur eftirlit með framkvæmd hans. Um hann gilda reglur um þjónustusamninga ríkisins. [Horft skal til þess að semja við Vestmannaeyjahöfn um rekstur hafnarinnar.] [Verði Landeyjahöfn, rekstur, hafnarmannvirki og/eða athafnasvæði síðar afhent sveitarfélögunum til eignar skal það gert í hlutföllum 60% Vestmannaeyjar og 40% Rangárþingi Eystra.]

4. gr.

Eignarnámsheimild.

Samgönguráðherra er heimilt að ákveða, að fengnum tillögum Siglingastofnunar Íslands, að ríkið taki eignarnámi nauðsynlegt land fyrir Landeyjahöfn, enda komi fullar bætur fyrir.

Landeiganda ber að leyfa efnistöku í landi sínu á því efni sem þarf til hafnargerðarinnar, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Þá er samgönguráðherra heimilt að ákveða, að fengnum tillögum Siglingastofnunar Íslands, að ríkið taki eignarnámi land er þarf fyrir varnargarða meðfram Markarfljóti og Álunum og sjóvarnargarða, svo og land til þess að gera brautir og vegi er því tengjast.

Samgönguráðherra afhendir Siglingastofnun Íslands þau verðmæti sem tekin eru eignarnámi skv. 1. og 2. mgr.

Það er ekki skilyrði þess að eignarnám skv. 1. eða 2. mgr. geti farið fram að áður hafi verið leitað samninga um land við landeigendur, hvort sem er vegna lands eða efnistöku.

Um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun eignarnámsbóta fer eftir lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

[Önnur mannvirki en þau er tengjast beint ferjurekstrinum eru ekki fyrirhuguð við hafnarsvæðið. Breyting á nýtingu hafnarsvæðisins, sem verður 11 hektarar að stærð, er ekki heimil án samþykkis Sveitarstjórnar Rangárbings Eystra og Bæjarstjórn Vestmannaeyja]

5. gr.

Landgræðsla.

Landeiganda er skylt að heimila uppgræðslu sands á Bakkafjöru sem nauðsynleg er að mati Siglingastofnunar Íslands og Landgræðslu ríkisins til að hefta sandfok við Landeyjahöfn og aðkomuvegi að höfninni án þess að til komi bætur. Mörk landgræðslusvæðis eru frá stórstraumsfjöruborði í suðri, Bakkaflogvelli og upp að Álunum í norðri, Markarfljóti í austri og vatnsleiðslu Vestmanneyjabæjar í vestri.

Landeigandi hefur ekki heimild til að nýta land sem ræktað er samkvæmt ákvæði þessu til beitar eða á nokkurn annan hátt nema með samþykki Landgræðslu ríkisins.

6. gr.

Reglugerðarheimild.

Heimilt er að setja reglugerð um Landeyjahöfn þar sem m.a. mörk hafnarinnar bæði á sjó og landi eru nánar tilgreind, fram koma starfsheimildir hafnarinnar og heimild til umferðar á hafnarsvæðinu auk annarra atriða er varða öryggi, mengunarvarnir og slysavarnir í höfninni.

7. gr.

Gjaldtökuheimild.

Ráðherra er heimilt að setja gjaldskrá til innheimtu gjalda vegna kostnaðar við þjónustu og framkvæmd einstakra verka sem tengjast rekstri Landeyjahafnar. Um gjaldtökuheimild skal taka mið af 17. gr. hafnalaga, nr. 61/2003, eftir því sem við á.

Kostnaður við rekstur hafnarinnar greiðist að öðru leyti af framlögum sem ákvörðuð eru í samgönguáætlun í samræmi við ákvæði fjárlaga hverju sinni.

8. gr.

Gildissvið.

Þar sem lögum þessum sleppir gilda ákvæði hafnalaga, nr. 61/2003, eftir því sem við á.

9. gr.

Gildistaka.


Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bæjarstjórn væntir skilnings samgöngunefndar á því að frumvarp það sem hér er fjallað um er stærsta hagsmunamál Vestmannaeyjabæjar í seinni tíð.

Vestmannaeyjabær leggur það ekki í vana sinn

Fyrir hönd bæjarstjórnar Vestmannaeyja

Með vinsemd og virðingu



Elliði Vignisson
bæjarstjóri í Vestmannaeyjum